

1. fundur

Þriðjudaginn 13. júní 2006 kom nýkjörin hreppsnefnd saman til fundar í Félagsheimilinu Þórsveri.

Sigurður Ragnar setti fund og bauð menn velkomna.

Mættir voru auk hans: Marinó Jónsson, Árni Davíð Haraldsson, Þórir Jónsson, Aðalbjörn Arnarsson, Jóhanna Helgadóttir og Axel Gunnarsson. Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Mál. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs.

Fór hún fram skriflega. Sigurður Ragnar kosinn oddviti með 4 atkvæðum, Þórir Jónsson kostinn 1. varaoddviti með 3 atkvæðum, Siggeir Stefánsson fékk 1 atkvæði og 3 seðlar voru auðir, Marinó Jónsson kosinn 2. varaoddviti með 3 atkvæðum. Siggeir Stefánsson fékk 2 atkvæði, Aðalbjörn Arnarsson fékk 1 atkvæði og 1 auður.

2. Mál. Kosning Byggðaráðs.

Í Byggðaráð kjörnir sem aðalmenn:
Sigurður Ragnar Kristinsson,
Þórir Jónsson og
Siggeir Stefánsson.

Sem varamenn:
Árni Davíð Haraldsson
Marinó Jónsson og
Aðalbjörn Arnarsson.

3. Mál. Nefndir, ráð og stjórnir sameinaðs sveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir að fela Byggðaráði að gera tillögu að nýrri nefndarskipan sameinaðs sveitarfélags. Jafnframt skal Byggðaráð fara með verkefni þeirra nefnda er misst hafa umboð sitt við lok nýliðins kjörtímabils þar til ný nefndarskipan hefur tekið gildi. Samþykkt að ráða Kristínu Kristjánsdóttur sem ritara sveitarstjórnar.

4. Mál. Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið. Samþykkt samhljóða að fela oddvita að ganga til samninga við starfandi sveitarstjóra um áframhaldandi starf í þágu sameinaðs sveitarfélags.

5. Mál. Nafn sameinaðs sveitarfélags.

Fram kom að niðurstaða skoðunarkönnunar vegna nafns á sameinað sveitarfélags er eftirfarandi:
Langanesbyggð, 121 atkvæði,
Langaneshreppur, 89 atkvæði,
Hafnarbyggð, 25 atkvæði,
Gunnólfsbyggð, 16 atkvæði.
Auðir og ógildir 8.
Í ljósi þessara niðurstöðu samþykkir sveitarstjórn að nafn sameinaðs sveitarfélags skuli vera

Langanesbyggð og er sveitarstjóra falið að tilkynna um niðurstöðuna til Félagsmálaráðuneytisins. Samþykkt að fela Sigmari Marinóssyni gullsmið að útbúa verðlaunagrip vegna nafnasamkeppninnar. Dregið verður úr innsendum tillögum og ákveðið að afhenda verðlaun í tengslum við Káta daga.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:55.